

298. fundur

Miðvikudaginn 20. desember 2023, kl. 10:00 kom verðlagsnefnd búvara saman á fjarfundi. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hálfván Óskarsson, Hrannar Már Gunnarsson, Rafn Bergsson, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Vilhjálmsson og Steinunn Bragadóttir. Þá sat einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Fjármagnskostnaður verðlagsgrundvallar

Farið var yfir kynningu á útreikningi fjármagnskostnaðar og ákvörðun sem tekin var á 297. fundi um að taka geymda vaxtahækkun inn í líkanið. Ástæða þótti til að fara betur yfir þýðingu ákvörðunarinnar svo enginn vafi sé um framkvæmd útreiknings. Umræður. Ákvörðunin felur í sér að fjármagnskostnaður er leiðréttur um fjárhæð geymdrar vaxtahækkunar, 525.374 kr. (á verðlagi 2008) auk verðlagsleiðréttingar 1.045.849 kr. og er geymd vaxtahækkun sbr. fundargerð 223 þar með leiðrétt. Verðlagsleiðréttingin var gerð í verðlagsgrundvelli septembermánaðar en geymd vaxtahækkun (á verðlagi 2008) er leiðrétt í verðlagsgrundvelli desember. Aðferðafræði samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Lagður var fram framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir desember 2023. Gjaldaliðir verðlagsgrundvallar hækka frá september til desember um 2,25%. Lágmarksverði til framleiðenda var síðast breytt þann 1. október 2023, byggt á verðlagi septembermánaðar og er því samanlögð hækkun gjaldaliða einnig 2,25% frá síðustu verðlagningu. Staðfest.

3. Iðnaðarlíkan

Lagt var fram reiknilíkan gjaldaliða hjá mjólkursamlögum til mats á breytingum á vinnslu- og dreifingarkostnaði ásamt glærुकynningu. Líkanið byggir á rauntölum úr rekstri mjólkurvinnslu hjá afurðastöðvum og opinberum hagtölum um þróun rekstrarkostnaðar. Frá síðustu verðákvörðun sem tók gildi 9. október sl. og byggðist á verðlagi septembermánaðar er reiknuð hækkunarþörf líkansins 0,73% vegna vinnslu- og dreifingarkostnaðar. Að loknum umræðum og yfirferð einstakra gjaldaliða var iðnaðarlíkanið staðfest.

4. Verðlagning

Að loknum umræðum um niðurstöður verðlagslíkana og þróun kostnaðarliða síðustu mánuði var lögð fram tillaga um hækkun lágmarksverðs og heildsöluverðs. Lagt var til að lágmarksverð til bænda yrði hækkað um sem nemur hækkun verðlagsgrundvallar frá september til desember og að heildsöluverð hækki um sem nemur veginni hækkun lágmarksverðs og hækkunar vinnslu- og dreifingakostnaðar. Tillagan var samþykkt. Fulltrúar ASÍ og BSRB sátu hjá í atkvæðagreiðslu.

Lágmarksverð mjólkur til bænda hækkar um 2,25% úr 129,76 kr./ltr í 132,68 kr./ltr þann 1. janúar 2024. og heildsöluverð mjólkur hækkar um 1,60% þann 8. janúar 2024. Heildsöluverð ógerilsneyddrar mjólkur í lausu máli hækkar um 2,09% í samræmi ákvörðun verðlagsnefndar sbr. fundargerð 261.

5. Önnur mál

-Óskað eftir því að tekjuhlið verðlagsgrundvallar kúabús verði framreiknuð, eftir því sem næst verður komist. Tekjuhliðin hefur ekki verið uppfærð síðan fyrir gildandi búvörusamninga sem tóku gildi í ársbyrjun 2017. Samþykkt. Farið verður yfir þróun tekjuhliðar þegar niðurstöður liggja fyrir.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:15.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson